

## FRÉTTATILKYNNING

**Óskað hefur verið eftir því að Hæstiréttur endurskoði ákvörðun sína um ógildingu kosningar til stjórnlagabings 27. nóvember sl. eða fyrirskipi endurtalningu kjörseðla.**

Gísli Tryggvason, einn þeirra sem fékk kjörbréf til setu á stjórnlagabingi, hefur farið fram á endurupptöku ákvörðunar Hæstaréttar um ógildingu kosningar til þingsins, sbr. ákvörðun Hæstaréttar 25. janúar sl. Beiðnin er rökstudd með vísan til ákvæða stjórnslulaga um ófullnægjandi eða rangar upplýsingar um málsatvik, um meðalhóf og um rannsóknarreglu. Gerð er sú aðalkrafa að kosningin verði talin gild þrátt fyrir vissa formgalla. Til vara er þess farið á leit að talningin ein verði ákvörðuð ógild og Hæstiréttur fyrirskipi endurtalningu atkvæða fyrir opnum dyrum. Áður verði öll auðkenni afmáð af kjörseðlum og skipaðir fulltrúar frambjóðenda til að vera viðstaddir talninguna, sem fari fram fyrir opnum dyrum.

Gerð er sú krafa að Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttardómari víki sæti við afgreiðslu endurupptökubeiðni þessarar vegna vanhæfis. Þessu til rökstuðnings er vísað til tilgreindra orða hans í viðtali í þættinum *Návígi* í Ríkisútvarpinu, sjónvarpi, þriðjudagskvöldið 1. febrúar sl.

Staðhæfing Hæstaréttar um að “[a]lkunna er að sú aðferð er oft viðhöfð við að stemma af fjölda kjósenda sem komið hafa í kjördeild að rituð eru nöfn kjósenda í þeirri röð sem þeir koma og greiða atkvæði” þykir endurupptökubeiðanda ekki studd neinum rökum, en þessi fullyrðing virðist ein af meginforsendum ákvörðunar Hæstaréttar. Ekki var heldur rannsakað við málsmeðferðina hvort og hvernig unnt væri að bregðast í anda meðalhófs við þeim tveimur annmörkum á kosningunni sem Hæstiréttur taldi verulega. Fyrri annmarkinn var að rekja hefði mátt atkvæði til kjósenda. Seinni verulegi annmarkinn lýtur að því að landskjörstjórn hefði átt að skipa sérstaka fulltrúa frambjóðenda til að vera viðstaddir talninguna.

Í varakröfunni er lögð til endurtalning sem fari fram með eftirfarandi hætti:

1. Landskjörstjórn skipi sérstaka fulltrúa frambjóðenda til að vera viðstaddir endurtalninguna.
2. Áður en endurtalning fari fram verði svert yfir auðkenni (strikamerki og númer) sem eru á bakhlið kjörseðla. Þetta verði gert undir ströngu eftirliti þannig að enginn kostur gefist á því að sjá samtímis auðkenni á kjörseðli og hvernig atkvæðinu var varið. Með þessu er auk þess brugðist við ályktun Hæstaréttar um rekjanleika atkvæða frá kjörstað til talningar.
3. Því næst fari fram endurtalning í viðurvist fulltrúa frambjóðenda og fyrir opnum dyrum. Eftir atvikum gæti Hæstiréttur fyrirskipað að skráning atkvæða færi fram handvirkt en ekki með rafrænum hætti.

Nýmælið felst einkum í 2. tl. sem eyðir þeirri hættu að atkvæði hefði mátt rekja og rjúfa leynd þeirra í talningunni. Vitnað er í ákvörðunarorð Hæstaréttar þar sem hann viðurkennir sjálfur að kosningarleyndin hafi ekki enn verið rofin þar sem talningin hafi ekki farið fram fyrir opnum dyrum. Því gefst enn tækifæri til að gæta fullrar leyndar um leið og endurtalið verði fyrir opnum dyrum og bregðast þannig við þeim tveimur annmörkum á kosningunni sem Hæstiréttur taldi verulega.

Beiðnin til Hæstaréttar er borin fram af Gísli Tryggvasyni, sem er aðili máls sem einn þeirra sem náði kjöri að mati landskjörstjórnar, en tók jafnframt þátt í málsmeðferð Hæstaréttar með greinargerð og munnlegum málflutningi.